

Mál nr. 42/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna forfallatryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.02. 2002, ásamt rökstuðningi fyrir kvörtun.
2. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 13.12. 2001, 22.10. 2001, 03. 12. 2001 og 30.01. 2002 og yfirlit forfallatryggingar og skilmálar.
3. Tjónstilkynning.
4. Læknisvottorð.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila til félagsins, dags. 23.11. 2001.
6. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. 2002, ásamt fylgiskjölum.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1125/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Þann 23.08. sl. keypti málskotsaðilinn (M) og eiginmaður hennar ferð erlendis hjá ferðskrifstofu og var brottför fyrirhuguð 17.09. sl. Við bókun ferðarinnar seldi starfsmaður ferðaskrifstofunnar þeim forfallatryggingu félagsins. Viku fyrir brottför bárust fréttir af hryðjuverkunum í Bandaríkjunum þann 11.09. sl. og í framhaldi þessa treysti vátryggður (M) sér ekki í ferðina. Samkvæmt læknisvottorði komst hann ekki í ferðina vegna langvinnis þunglyndis, sem hafi tekið sig upp hinn 11.09. sl., líkt og segir í bréfi félagsins til nefndarinnar, dags. 28.02. sl. M er ellilífeyrisþegi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu með vísan til skilmála þar sem fram kemur að vátryggingin bætir ekki tjón sem verða vegna sjúkdóms sem vátryggður var haldinn er vátryggingin var keypt. Félagið telur að hér sé um hlutlæga ábyrgðartrakmörkun að ræða vegna virkra sjúkdóma. Það telur að meginorsök þess að vátryggður komst ekki í ferðina hafi verið langvinn veikindi sem hann hafi verið haldinn áður en vátryggingin var keypt. “Breyti þar engu þótt tjónþoli kveði nú fyrst í málskoti að orsök hafi verið flensa.” Félagið telur að ekki sé um að ræða skyndilegan alvarlegan sjúkdóm í skilningi a-liðar 1. gr. skilmála. Félagið kveðst hafa undanþegið sig ábyrgð vegna tjóns af völdum þunglyndis, hefði því verið gerð grein fyrir því sbr. 7. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Það hafnar greiðsluskyldu, einnig vegna maka málskotsaðila.

M telur að hann hafi verið beittur órétti af hálfu félagsins. Hún hafi fengið slæma flensu hálfum mánuði fyrir brottför en ekki leitað læknis. Hún hafi verið haldin þunglyndi frá unga aldri og verið í læknismeðferð vegna þessa. Þegar atburðirnir hafi orðið í Bandaríkjunum fáeinum dögum fyrir brottför hafi henni fallið “allur ketill í eld.” Þar sem hún hafi ekki verið búin að ná sér vegna flensunnar hafi hún verið “mjög miður mín og allsendis ófær um að takast þessa ferð á hendur.” Hún telur bótaskyldu vera fyrir hendi.

Álit.

Samkvæmt e-lið 5. gr. skilmála bætir vátryggingin ekki tjón sem verður vegna sjúkdóms sem vátryggður var haldinn er vátryggingin var keypt. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að vátryggður hafi verið haldinn sjúkdómi fyrir brottför sem hann hefði átt að upplýsa um. Þá er ósannað að flensa hafi komið í veg fyrir að hann hafi ekki getað farið í umrædda ferð. Samkvæmt a-lið 1. gr. skilmála bætir vátrygging þann hluta fargjalds sem greiddur hefur verið og ekki fæst endurgreiddur ef vátryggður getur ekki farið í fyrirhugaða ferð vegna skyndilegs alvarlegs sjúkdóms. Skilyrði um skyndilegan alvarlegan sjúkdóm er ekki uppfyllt í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs og fyrirbyggjandi gagna er bótaábyrgð forfallatryggingar ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt forfallatryggingu.

Reykjavík 19. mars 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.